

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Skógarhverfis – áfangi 3A, Álfalundur 31-43.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti 9. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis – áfangi 3A, vegna Álfalundar 31-43. Í breytingunni felst að nýtingu lóðar nr. 31-43 við Álfalund er breytt þannig að í stað raðhúss með sjö íbúðum verður raðhús með sex íbúðum. Annað er óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 2. maí 2024.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 17. maí 2024